



Reykjavík, 6. september 2024

MSS24090033

TILLAGA

Tillaga fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar um starfsáætlun 2024 – 2025

Lagt er til að fjölmeningaráð samþykki að starfsáætlun fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar, starfsárið 2024- 2025 verði með eftirfarandi hætti; Auk Fjölmeningarþings Reykjavíkurborgar sem haldið verður í maí 2025, verði fjórir fundir fjölmeningarráðs tileinkaðir samstarfi með hagsmunaaðilum og haldnir í hverfum borgarinnar í október, janúar, mars og apríl.

Greinargerð:

Tilgangur með þessari breytingu er að fjölmeningarráð kynni sér nánar starfsemi borgarinnar sem varðar innflytjendur og flóttafólk og heyri raddir innflytjenda og starfsfólks sem vinnur í málaflokknum. Samkvæmt samþykkt fjölmeningarráðs 2. gr. skal fjölmeningarráð stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Reykjavíkurborgar við grasrótarsamtök innflytjenda. Ennfremur skal ráðið skal leitast við að tengja saman fjölmeningarleg samfélög á Íslandi, stuðla að samtali á milli Íslendinga og innflytjenda og koma hagsmunum innflytjenda á framfæri. Fulltrúar ráðsins finna fyrir að nauðsynlegt er að eiga markvisst samtal við grasrót innflytjenda og aðra hagsmunaaðila, með það að leiðarljósi að efla upplýsingagjöf og samstarf Reykjavíkurborgar við hagsmunafélög innflytjenda. Slíkt fyrirkomulag að tileinka sérstaka fundi fjölmeningarráðs með hagsmunaaðilum, mun skila betri samskiptum og samtali sem er ómissandi til að byggja upp inngildandi fjölmeningarleg borgarsamfélag.

Fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar hefur verið starfandi síðan 2010 og ráðinu sitja tveir kjörnir fulltrúar úr borgarstjórn og tveir til vara. Þá sitja í ráðinu fulltrúar hagsmunaaðila frá félagasamtökum innflytjenda, einn fulltrúi og einn til vara frá Samtökum kvenna af erlendum uppruna W.O.M.E.N., einn fulltrúi og einn til vara frá Móðurmáli - samtaka um tvítyngi og einn fulltrúi og einn til vara fyrir hönd starfsmanna Reykjavíkurborgar af erlendum uppruna. Fjölmeningarráð fundar einu sinni á mánuði, en að auki í janúar 2024 hélt ráðið sameiginlegan fund um fjölmeningu með velferðarráði Reykjavíkurborgar.

Þann 4. maí 2024. stóð Fjölmeningarráð fyrir Fjölmeningarþingi Reykjavíkurborgar sem haldið var í Hinu Húsinu. Þingið þótti afar vel heppnað sem leiddi enn frekar í ljós hversu mikilvægt er að skapa rými fyrir fólk til að hittast, fræðast, mynda tengsl og ræða málefni sem snerta á fjölmeningu og inngildingu.

Starfsáætlun og fundir tileinkaðir samráði við hagsmunaaðila

Áætlaðir ráðsfundir verða haldnir í september, nóvember, desember og febrúar. Áætlaðar samráðsfundir utan ráðhús verða haldnir í október, janúar, mars og apríl. Fjölmeningarþing verði haldið í maí 2025.



Reykjavík